

Bæjarstjórn Akraness  
Stillholti 16-18  
300 Akranesi

Reykjavík, 24.10.2017

Tilvísun: 7.1.4.1 / Málsnúmer: 2017100307

**Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis**

Lyfjastofnun barst 23. október sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Dalbraut 1, 300 Akranesi.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal **Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar**. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.


Fram kemur í umsókninni að fyrirhugaður afgreiðslutími sé kl. 10 – 18 virka daga.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir skal afgreiðslutími lyfjabúða vera frá kl. 9-18 virka daga nema laugardaga og almenna frídaga. Heimilt er lyfsöluleyfshafa að ákveða rýmri afgreiðslutíma og skal það tilkynnt Lyfjastofnun. Jafnframt er Lyfjastofnun heimilt að veita leyfi til skemmri afgreiðslutíma enda liggja fyrir umsókn lyfsöluleyfshafa þar um. **Leita skal umsagnar viðkomandi sveitastjórnar áður en slíkt er samþykkt, sbr. 2 mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.**

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn bæjarstjórnar Akraness um umsóknina bæði hvað varðar lyfsöluleyfið og afgreiðslutímann.

Þess er óskað að umsögnin berist **eigi síðar en 14. nóvember nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,



Brynhildur Briem